

SUMARTILBOÐ Á TÓNLIST

kr. 1.890,-

HAFNARSTRÆTI 7
SÍMI 456 3166

ÓNÁÐ
FRÉTTABLAÐ
Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 7. ágúst 2003 • 31. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Dorrit brá sér á sjóskiði á Pollinum

Meðal þess sem Dorrit Moussaieff forsetafrú gerði sér til skemmtunar á Ísafirði um helgina var að bregða sér á sjóskiði á Pollinum og naut hún þar aðstoðar ísfirskra kajakmeistarar. Dorrit var dregin af sjóþotu og stóð sig af stakri snilld. Þetta mun ekki hafa verið í fyrsta sinn sem Dorrit leikur sér á sjóskiðum en hins vegar í fyrsta skiptið sem hún leikur þessa list norður við heimskaupsbaug. Sjá fleiri myndir á bls. 4.

/SAMKAUP/

S

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

/SAMKAUP/

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460

Mjög vel heppnað Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands á Ísafirði

Milli 5 og 6 þúsund manns á tjaldsvæðinu í Tungudal

Um 1200 ungmenni kepptu á Unglingalandsmóti UMFÍ á Ísafirði um liðna helgi. Þótti mótið takast afar vel og segja aðstandendur þess aðstæður allar á Ísafirði hafa verið eins og best verður á kosið. Talið

er að á milli 5 til 6 þúsund gestir hafi gist tjaldsvæði mótsins í Tungudal. Fjölmargir ferðamenn að auki lögðu leið sína í bæinn til að fylgjast með mótinu og gistu víða um norðanverða Vestfirði. Aldrei

áður hefur svo fjölsóttur mannfagnaður verið haldinn á Ísafirði.

Keppni á Unglingalandsmótinu hófst á föstudag en um kvöldið var mótið sett að viðstöddum forseta Íslands.

Boðið var upp á fjölbreytta afþreyingu alla helgina. Kvöldvökur á hátíðarsvæði á Eyrartúni voru vel sóttar en þar léku m.a. hljómsveitirnar Á móti sól, BMX og Apollo. Mótinu var slitið með veglegri

lokahátíð og flugeldasýningu á sunnudagskvöld.

Nánar er sagt frá Unglingalandsmótinu í máli og myndum á innsíðum blaðsins.

kristinn@bb.is

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

- allt í einu -

GREIÐ LEIÐ

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655
hafdan@bb.is

Ritstjóri neftútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krilið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður og fulltrúi í sjávarútvegsnefnd Alþingis

Afstaða sjávarútvegsráðherra ekki áfall fyrir línuívilnun

Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi og einn þriggja fulltrúa kjördæmisins í sjávarútvegsnefnd Alþingis, segir ummæli sjávarútvegsráðherra um að gera þurfi lagabreytingar til að koma á línuívilnun ekki áfall fyrir stuðningsmenn hennar. „Ég hef frá upphafi verið frekar vantrúður á að

það sé hægt að fara af stað með línuívilnun án þess að breyta lögum. Þess vegna kemur niðurstaða ráðherra mér í sjálfu sér ekki á óvart. Menn hafa talað um að hægt væri að koma á línuívilnun með því að láta hana yfirtaka byggðakvótann. Sjálfur hef ég ekki verið sannfærður um að það geti gengið eftir, einfaldlega í ljósi lagatextans“, segir

Einar.

Guðmundur Halldórsson, formaður Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum, hefur sagt það vera svik við samþykktir stjórnarflokkanna og stjórnarsáttmálan verði línuívilnunin ekki tekin upp.

„Aðalatriði málsins er að menn ætla sér að stefna á línuívilnum“, segir Einar K. Guð-

finnsson. „Ég held sjálfur að það sé mjög heppileg og góð leið fyrir byggðirnar. Þannig held ég að niðurstaða ráðherra sé ekki vísbending um að menn ætli að hverfa frá línuívilnun, það er öðru nær. Það hefur komið fram hjá ráðherranum sjálfum að sú leið hafi mjög marga kosti.“

Aðspurður segist Einar gera ráð fyrir að sjávarútvegsráð-

herra leggi fram hugmynd að frumvarpi til breytinga á fiskveiðistjórnunarlögunum þegar Alþingi kemur saman í haust. „Síðan þurfa stjórnarflokkarnir að koma sér saman um málið og um leið og sú sátt er komin ætti sjálf lagasetningin ekki að taka langan tíma“, sagði Einar Kristinn.

— kristinn@bb.is

Vísindaveiðar á hrefnu hefjast í þessum mánuði

Konráð klár með skutulinn

Konráð Eggertsson hrefnuveiðimaður á Ísafirði segist tilbúinn að halda til hvalveiða á bát sínum Halldóri Sigurðssyni ÍS. Sjávarútvegsráðuneytið tilkynnti í gær að í þessum mánuði verði hafist handa við hvalveiðar í vísindaskyni samkvæmt tveggja ára rannsóknáætlun Hafrannsóknastofnunar. Ákveðið er að veiddar verði 38 hrefnur í þessum mánuði og hinum næsta. „Félag hrefnuveiðimanna mun sjá um þessar veiðar og ég verð með einn af þeim bátum. Byssan er á sín-um stað og tilbúin til notkunar. Hún hefur verið tákun um hvalveiðar alla tíð frá því þær voru lagðar af“, sagði Konráð.

Sjávarútvegsráðuneytið segir, að þótt ekki sé um stórtækar veiðar að ræða sé engu að síður verið að brjóta blað í sögu hvalveiða við Ísland með þessari ákvörðun. Engar hvalveiðar hafa verið stundaðar hér við land síðan árið 1989.

Ráðuneytið segir enn fremur að um hvalveiðar í vísindaskyni sé að ræða sem öll



Konráð Eggertsson er klár í slaginn.

aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins hafi skýlausan rétt til að stunda samkvæmt 8. gr. stofnsamnings ráðsins. Þessum rétti fylgi sú skuldbinding að nýta afurðir hvalanna sem eru veiddir.

Meginmarkmið Hafrannsóknastofnunar í tengslum við fyrirhugaðar vísindaveiðar er að kanna betur hlutverk hrefnu í vistkerfi hafsins í kringum Ísland. Í tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins er sagt ljóst

að nýttjafiskar séu hluti af faðu hrefnu en samspil fiska og hrefnu í vistkerfinu sé lítt þekkt. Í ljósi mikilvægis sjávarútvegs fyrir Ísland sé nauðsynlegt að hafa góðar vísindalegar upplýsingar um áhrif

hrefnu á afrakstur nýttjastofna og að geta sett hrefnu með fullnægjandi hætti inn í fjölstofnalíkön. Rannsóknirnar hafi jafnframt önnur markmið sem m.a. varði líffræði hrefnu og erfðafræði. — kristinn@bb.is

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RIITSTJÓRNARGREIN

Hingað er gott að koma og margt að sjá

Ekki verður annað sagt en að veðurguðirnir hafi verið hliðhollir keppendum og fjölmennu fylgdarliði þeirra á Unglingalandsmóti UMFÍ, sem fram fór í Ísafjarðarbæ um verslunarmannahelgina. Og víst er um það, að lokadagur hátíðarinnar, sem lauk með mikilfenglegri flugeldasýningu um miðnætti, mun vera viðstöddum lengi í minni. Virðulegir eldri borgarar höfðu á orði að annar eins fólksfjöldi og fylgdist með flugeldasýningunni og önnur eins stemmning og þar ríkti, hefði ekki verið í bænum síðan á hundrað ára afmæli kaupstaðarins 1966.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Dorrit Moussaieff, forsetafrú, og Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, voru heiðursgestir við setningarathöfn Unglingalandsmótsins, sem er afgerandi fjölmennasta íþróttamót, sem hér hefur verið haldið. Þótti mörgum hápunktur þeirrar athafnar vera er Gunnar Pétursson, landsþekktur skíðamaður, margfaldur Íslandsmeistari í skíðagöngu, Olympíufari og oft sinni þátttakandi í Vasa göngunni, síðast í vetur að leið á áttæðis aldri, tendraði mótseldinn.

Þótt ef til vill þyki hátíðlegt að tala um Unglingalandsmótið sem frjálssíþróttamót er staðreynd, að slík mót hafa ekki farið fram á Ísafirði svo áratugum skiptir. Um miðja síðustu öld voru þau árviss viðburður, háðar voru þærkeppnir í frjálsum

íþróttum milli Ísafjarðar og Siglufjarðar. Ísfríðingar áttu marga góða íþróttamenn á þessum árum. Meðal þeirra voru menn sem síðar urðu í fremstu röð hérlandra íþróttamanna og kepptu margsinnis fyrir Íslands hönd erlendis. Með aðstöðunni sem nú hefur verið búin æskufólki hér í bæ á íþróttasvæðinu á Torfnesi má vænta að þráðurinn sem slitnaði fyrir löngu síðan verði knýttur á ný. Langþráður draumur þeirra sem áhuga hafa fyrir íþróttum af þessu tagi hefur ræst. Nýi gerfigrasvöllurinn er stórt skref fram á við fyrir iðkendur vinsælustu íþróttagreinir heims. Vel hefur tekist til með íþróttasvæðið, þótt síthvað vanti til að þar sé unnt að takast á við stærri viðfangsefni. Það sem öllu máli skiptir er, að með umbótunum á Torfnesi hefur æsku bæjarfélagsins verið búin góð aðstaða til hollra og mannbætandi leikja, sé rétt á málum haldið.

Enginn vafi er á því að Unglingalandsmót UMFÍ var jákvæð og góð lyftistöng fyrir íþróttalíf í bænum. Og mikilvæg auglýsing fyrir bæjarfélagið. Verulegur hluti þeirra gesta sem komu til bæjarins af þessu tilefni höfðu ekki komið hér áður. Vonandi hafa þeir, sem aðrir, farið heim með góðar minningar, fullvissir um að hingað er gott að koma, hér er gott að vera og margt að sjá.

s.h.

Bragi Geir Gunnarsson á Tálkna- firði skattakóngur Vestfjarða

Bragi Geir Gunnarsson, útgerðarmaður á Tálknafirði greiðir hæstu gjöld einstaklinga í umdæmi Skattstjórans á Vestfjörðum, tæplega 8,3 milljónir króna. Rétt á eftir kemur Jón Björgvin G. Jónsson, læknir á Patreksfirði með tæpar 8,2 milljónir. Þá koma ísfirsku lækarnir Þorsteinn Jóhannesson, sem greiðir rúmar 6,5 milljónir, og Guðni Ársæll Sigurðsson sem greiðir tæpar 5,3.

Í fimmta sæti listans er Jakob Valgeir Flosason, útgerðarmaður í Bolungarvík

með tæpar 5,3 milljónir króna í heildargjöld, þá kemur Íris Sveinsdóttir, læknir í Bolungarvík með 5,1 milljón og Oddur Jakob Bjarnason á Ísafirði með rúmar 5 milljónir. Andri Konráðsson læknir á Ísafirði greiðir einnig rúmar 5 milljónir í heildargjöld, þá kemur Gunnar Arnórsson skipstjóri á Ísafirði með tæpar 4,7 milljónir og Hallgrímur Kjartansson læknir á Ísafirði er tíundi hæsti gjaldandinn á Vestfjörðum með heildargjöld upp á tæpar 4,6 milljónir króna.

Eflitið er til tekjuskatts, fjár-

magnstekjuskatts og sérstaks eignaskatts er listi hæstu greiðenda mjög áþekkur en þar trónir Bragi Geir Gunnarsson á toppnum með rúmar 8,1 milljón, næstur kemur Jón Björgvin G. Jónsson með tæpar 5,6 milljónir og þá Oddur Jakob Bjarnason tæpar 4,9 milljónir króna. Hæst útsvar greiðir Jón Björgvin G. Jónsson, rúmar 2,5 milljónir, þá kemur Þorsteinn Jóhannesson sem greiðir tæpar 2 milljónir og Íris Sveinsdóttir sem greiðir rúmar 1,6.

Þórður Júlíusson fyrrv. út-

gerðarmaður á Ísafirði greiðir lang hæstan eignarskatt einstaklinga á Vestfjörðum rúmar

1,3 milljónir króna. Öðru og þriðja sætinu deila hjónin Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri

og Sigríður Brynjólfssdóttir sem greiða hvor um sig rúmar 300 þúsund. – kristinn@bb.is

Gjöld samtals:

Bragi Geir Gunnarsson, Miðtúni 13, Tálknafirði	kr. 8.279.236.-
Jón Björgvin G. Jónsson, Mýrum 4, Patreksfirði	kr. 8.163.221.-
Þorsteinn Jóhannesson, Seljalandsvegi 73, Ísafirði	kr. 6.543.646.-
Guðni Ársæll Sigurðsson, Hafnarstræti 14, Ísafirði	kr. 5.283.886.-
Jakob V. Flosason, Völusteinsstræti 26, Bolungarvík	kr. 5.281.773.-
Íris Sveinsdóttir, Höfðastíg 17, Bolungarvík	kr. 5.143.489.-
Oddur Jakob Bjarnason, Engjavegi 20, Ísafirði	kr. 5.019.426.-
Andri Konráðsson, Túngötu 1, Ísafirði	kr. 5.003.476.-
Gunnar Albert Arnórsson, Fagraholti 7, Ísafirði	kr. 4.667.075.-
Hallgrímur Kjartansson, Miðtúni 23, Ísafirði	kr. 4.572.298.-

Tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur og sérstakur tekjuskattur:

Bragi Geir Gunnarsson, Miðtúni 13, Tálknafirði	kr. 8.106.919.-
Jón Björgvin G. Jónsson, Mýrum 4, Patreksfirði	kr. 5.595.557.-
Oddur Jakob Bjarnason, Engjavegi 20, Ísafirði	kr. 4.894.466.-
Jakob V. Flosason, Völusteinsstræti 26, Bolungarvík	kr. 4.661.369.-
Þorsteinn Jóhannesson, Seljalandsvegi 73, Ísafirði	kr. 4.484.030.-
Guðni Ársæll Sigurðsson, Hafnarstræti 14, Ísafirði	kr. 3.665.342.-
Íris Sveinsdóttir, Höfðastíg 17, Bolungarvík	kr. 3.507.912.-
Ingimar Halldórsson, Sunnuholti 4, Ísafirði	kr. 3.459.320.-
Andri Konráðsson, Túngötu 1, Ísafirði	kr. 3.397.382.-
Margrét Gísladóttir, Silfurgötu 7, Ísafirði	kr. 3.059.644.-

Útsvar:

Jón Björgvin G. Jónsson, Mýrum 4, Patreksfirði	kr. 2.544.818.-
Þorsteinn Jóhannesson, Seljalandsvegi 73, Ísafirði	kr. 1.965.819.-
Íris Sveinsdóttir, Höfðastíg 17, Bolungarvík	kr. 1.629.678.-
Ómar G. Ellertsson, Hjallavegi 14, Ísafirði	kr. 1.590.919.-
Andri Konráðsson, Túngötu 1, Ísafirði	kr. 1.584.859.-
Gunnar Albert Arnórsson, Fagraholti 7, Ísafirði	kr. 1.583.867.-
Guðni Ársæll Sigurðsson, Hafnarstræti 14, Ísafirði	kr. 1.559.517.-
Páll Halldórsson, Hlégerði 3, Hnífsdal	kr. 1.510.746.-
Hallgrímur Kjartansson, Miðtúni 23, Ísafirði	kr. 1.500.351.-
Jón Árnason, Mýrum 10, Patreksfirði	kr. 1.449.403.-

Eignarskattur:

Þórður Júlíusson, Seljalandsvegi 78, Ísafirði	kr. 1.333.547.-
Ásgeir Guðbjartsson, Túngötu 9, Ísafirði	kr. 329.430.-
Sigríður Brynjólfssdóttir, Túngötu 9, Ísafirði	kr. 329.430.-
Jón Gunnar Stefánsson, Sigtúni 49, Patreksfirði	kr. 267.963.-
Kristjana Ólafsdóttir, Smiðjugötu 11, Ísafirði	kr. 244.024.-



Saga Pearl til Ísa- fjarðar í fyrsta sinn

Enska skemmtiferðaskipið Saga Pearl lagðist að bryggju á Ísafirði á níunda tímanum í gærmorgun en hélt aftur úr höfn síðdegis. Farþegar skipsins voru 280 talsins, flestir þeirra breskir eða bandarískir. Skipið hefur ekki komið áður til Ísafjarðar. „Þeir ætluðu að koma tveimur dögum fyrr en töfðust vegna slæmra veðurskilyrða milli Skotlands og Íslands“, sagði Kristján Jónsson, sem annast móttöku skemmtiferðaskipa fyrir Ísafjarðarhöfn.

– halfdan@bb.is

Andstaða við stækkun friðlands á fundi með umhverfissráðherra

Ráðherra færð bólnueyðandi krem

Um fjörutíu manns sóttu kaffifund með Siv Friðleifsdóttur umhverfissráðherra í Dalbæ á Snæfjallaströnd í síðustu viku en tilgangur fundarins var að fá ráðherra til að kynna hugmyndir um stækkun friðlandsins við norðanvert Ísafjarðardjúp og um leið að fá fram skoðanir heimamanna á þeim.

Ingólfur Kjartansson hjá ferðaþjónustunni í Dalbæ segir að skoðanir ráðherra um stækkun friðlandsins fari ekki saman við skoðanir heimamanna. Allmargir tóku til máls

m.a. Jónas Helgason í Æðey, Indriði Aðalsteinsson á Skjaldfönn, Þórður Halldórsson á Laugalandi og Jens Kjartansson einn eigenda Tyrðilmýrar en af máli þeirra mátti glöggst ráða mikla andstöðu við framkomnar hugmyndir um stækkun friðlands.

Að sögn Ingólfs tók ráðherra mjög skýrt fram að alls ekki stæði til að taka ákvarðanir í andstöðu við hagsmunaaðila og landeigendur og voru fundarmenn ánægðir með þá yfirlýsingu ráðherrans. Halldór Halldórsson bæjarstjóri í

Ísafjarðarbæ, kynnti hvernig Ísafjarðarbær hefur staðið að gæslu Hornstrandafríðlandsins, en Ísafjarðarbær og Umhverfissráðuneytið gerðu samkomulag sín á milli á vormánuðum um að Ísafjarðarbær hefði umsjón með friðlandinu.

Í lok fundarins færðu húsráðendur í Dalbæ ráðherra krúkkur með bólnueyðandi kremi með von um að það gagnaðist henni í komandi baráttu vegna rjúpnaveiðibanns og friðlanda. Kremin er vestfirsk framleiðsla og nefnist Villimey. – kristinn@bb.is



Siv Friðleifsdóttir og Halldór Halldórsson á fundinum.



Einar Halldórsson á Kolfinnustöðum dregur forsetafrúna á sjóskíðum um Pollinn á Ísafirði.

Dorrit á sjóskíð- um á Ísafirði

Forsetahjónin herra Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff voru við setningu Landsmóts UMFÍ á Ísafirði á föstudag og dvöldust síðan á Ísafirði alla landsmótshelgina. Þar var forsetinn á gamalkunnnum slóðum enda fæddur við Túngötuna á Ísafirði, rétt við útihátíðarsvæði bæjarins á Eyrartúni. Eins og fram kemur á forsiðunni brá Dorrit sér á

sjóskíði á Pollinum á Ísafirði. Hún var dregin af sjópotu og stóð sig með stakri þrýði enda ljóslega ekki byrjandi í íþróttinni. Hins vegar mun hún hingað til hafa iðkað list þessa í hlýrri höfum en norður við heimskautsbaug. Ljósmyndari blaðsins tók meðfylgjandi myndir af forsetafrúnni á sjóskíðum á Ísafirði.

– hlynur@bb.is



Þórir Þrastarson heldur á forsetafrúnni til sjávar.



Einar Halldórsson aðstoðar Dorrit við að komast í nýjan flotbúning. Forsetinn fylgist spennur með.



Forsetafrúin kemur að landi í Suðurtanganum eftir góða ferð um Pollinn.

Ný flokkunar- og sam- valsvél Póls hf. til Chile

Póls hf. á Ísafirði hefur í samstarfi við fyrirtækið AST og eiganda þess, Carlos Leonard Gajardo, selt nýja flokkunar- og samvalsvél til Chile. Vélin kostar á áttundu milljón króna. Að sögn Harðar Ingólfssonar var vél svipaðrar gerðar sett upp hjá fisk-vinnslunni Kambi á Flateyri og þróuð frekar í samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins. „Hún var frumsmíðuð í samstarfi við þá, en vélin sem við vorum að senda frá okkur núna er bæði stærri og fullkonnari“, segir Hörður. „Þá höfum við gert samning upp á frekari sölu flokkara til í Chile.“ –halfdan@bb.is

Níu holu golfvöllur að Hlíð í Álftafirði

Meðal golfáhugamanna í Súðavík eru uppi hugmyndir um að koma upp níu holu golfvelli á jörðinni Hlíð, rétt innan við Langeyri í Álftafirði. Jón Ragnarsson, eigandi jarðarinnar, tekur fram að málið sé allt á frumstigi. „Það er mikill áhugi fyrir golfi í Súðavík og samhliða þeirri skógrækt sem verið er að ráðast í, finnst mér mjög spennandi að hanna golfvöll í framhaldinu. Þannig væri hægt að gróðursetja skjólbelti með tilliti til brauta. Mér sýnist líka vanta golfvelli alls staðar, þannig að ég held að þetta sé alls ekki slæm hugmynd“, segir Jón. –halfdan@bb.is

Bílaumferð um Ísa- fjarðardjúp eykst

Umferð í Ísafjarðardjúpi yfir sumarmánuðina virðist hafa aukist milli árána 2002 og 2003. Umferðarteljari í Ögri taldi alls 4.984 bíla í júní mánuði í fyrra, að meðaltali 166 á dag. Í júní í ár voru bílarnir alls 5.267, eða 176 að meðaltali á dag og er þetta aukning um 6%. Í fyrra voru bílarnir fyrstu 29 daga júlí mánaðar 8.089 talsins, eða 279 á dag og hefur umferð um Ögur í júlí því aukist um 3,2% á milli ára. Þegar það sem af er sumri er borið saman við sama tíma í fyrra má sjá að rúmlega 13.600 bílar hafa farið um Ögur. – halfdan@bb.is



Hörður Guðmundsson og Friðrik Ottesen aðstoðarflugmaður við nýju vélina á Ísafjarðarflugvelli.

Hörður Guðmundsson flugstjóri fékk höfðinglegar móttökur

„Nú er maður aldeilis á heimaslóðum“

Hörður Guðmundsson, flugstjóri og forsvarsaður Flugfélagsins Ernis, fékk höfðinglegar móttökur er hann lenti á Ísafjarðarflugvelli á nýrri Cessna 441 Conquest vél félagsins í síðustu viku. Hörður var að flytja erlenda viðskiptamenn til svæðisins og segir mjög gaman að vera kominn aftur til Ísafjarðar.

„Nú er maður aldeilis á heimaslóðum. Í gær (mánudag í síðustu viku) vorum við á vélinni á Grænlandi, en í dag erum við á Ísafirði. Þetta er í fyrsta skipti í mörg ár sem ég kem hingað í atvinnuskyni, en hef að vísu komið nokkrum sinnum á minni eigin flugvél, nú síðast í vor. Ég lifi í vel-lystingum hjá Jóni vini mínum

í flugvallarsjoppunni, en hann og fleiri tóku á móti mér með tertu og finerí“, segir Hörður.

Aðspurður segist hann ekki hafa athugað möguleika á því að annast sjúkra- og áætlunarflug á Vestfjörðum í vetur. „Vélin væri náttúrliga tilvalin í slíkt. Hana er mjög gott að hlaða og afhlaða og hún er ekki nema hálf tíma suður,

heldur fljótari en Metróinn“, segir Hörður.

Vélin tekur níu farþega og er búin hverfihreyflum (turbo prop) og jafnþrýstibúnaði og kostaði um 1 milljón bandarískra dollara eða líðlega 70 milljónir íslenskra króna.

halfdan@bb.is



Hörður segir vélina henta vel til sjúkraflugs, meðal annars vegna stórrar hurðar hennar.

Bolungarvík og Ísafjarðarbær

Sameining ekki á dagskrá

Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík segir sameiningu við Ísafjarðarbær ekki á dagskrá en heldur ekki útilokaða í framtíðinni. „Bolvíkingar eru alls ekki tilbúnir í sameiningu eins og staðan er í dag en þetta er ekkert útilokað til lengri framtíðar. Menn svara þessari spurningu ekki í eitt skipti fyrir öll og loka síðan alfarið fyrir þá umræðu. En þá yrði að skoða hvað ætlunin væri að fá út úr slíkri sameiningu, hvort það væri fjárhagslegur ávinningur í rekstri eða aðrir þættir“, segir Einar. Sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær og Súðavík-urhreppur, hafa með sér töluvert samstarf, t.d. reka þau sameiginlega



Einar Pétursson.

barnaverndarnefnd. „Ég held að menn ættu fyrst og fremst að horfa á það í dag að eiga gott og náð samstarf, það er alltaf til bóta. Það þarf ekki sameiningar sveitarfélaga til að menn vinni saman á þessu svæði, það þarf bara smá jákvæðni“, sagði Einar. kristinn@bb.is

Hlutfjárkaup Byggðastofnunar á landsbyggðinni

Vestfirðingar vakandi fyrir möguleikunum

Shiran Þórisson, markaðsráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, segir frumkvöðla og fyrirtæki á Vestfjörðum vakandi fyrir möguleikum átaksríkisstjórnarinnar til nýsköpunar á landsbyggðinni. Byggðastofnun auglýsti í vor eftir umsóknum um hlutfjárkaup af sinni hálfu og hefur 350 milljónir til ráðstöfunar. Umsóknarfrestur fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði er þegar liðinn. Í lok þessa mánaðar rennur út umsóknar-

frestur fyrir fyrirtæki á sviði ferðaþjónustu.

„AtVest kom að umsókn tveggja starfandi fyrirtækja í iðnaði og jafnframt unnum við að umsóknum vegna tveggja viðskiptahugmynda sem þykja álitlegar. Ég veit líka til þess að nokkrir aðilar í sjávarútvegi sendu inn umsóknir og meðal annars kom ein til yfirlestrar hjá AtVest. Þetta eru mjög góð viðbrögð, menn eru greinilega vakandi og vita hvaða möguleikar eru í boði“,

segir Shiran.

Byggðastofnun ætlar sér a.m.k. mánuð til að fara yfir innkomnar umsóknir. Stofnunin áskilur sér jafnframt rétt til að óska eftir frekari upplýsingum og hafa umsóknir lengur til meðferðar.

Shiran telur líklegt að sameigning verði hörd um það fé sem er í boði. „Þetta eru peningar sem ekki er auðvelt að sækja en ætti að vera mikil eftirspurn eftir. Í gegnum hlutfjárþátttöku Byggða-

stofnunar fá menn þolinmótt fjármagn sem víða er skortur á.“

Þótt mismunandi umsóknartímabil séu eftir atvinnugreinum segir Shiran að skipting fjárins sé ekki eynamerkt hverri atvinnugrein fyrir sig. „Byggðastofnun fer yfir umsóknirnar og velur þær bestu úr. Ef fleiri vænlegar umsóknir eru í einni grein en annarri, þá verður einfaldlega meira fé veitt til þeirrar greinar“, sagði Shiran. – kristinn@bb.is

Metbókanir hjá lög- reglunni á Ísafirði

359 verkefni eru skráð í dagbók lögreglunnar á Ísafirði í nýliðinni viku. Er þar slegið met í bókunum, segir í tilkynningu frá lögreglunni. Þrjár minni háttar líkamsárásir voru kærðar til lögreglunnar á Ísafirði um helgina. Engin þeirra tengist unglingalandsmóti UMFÍ. 25 öku-menn voru kærðir fyrir of hraðan akstur, tveir fyrir meinta ölvun við akstur. Þar sem alla helgina stóð yfir sameiginlegt eftirlit allra embættanna á Vestfjörðum og í Búðardal komu mörg útköll til lögreglunnar á Ísafirði varðandi umferð og ýmsa aðstoð – hlynur@bb.is

Magnús Gautur sigr- aði í holukeppni GB

Magnús Gautur Gíslason frá GÍ sigraði holukeppni Golfklúbbs Bolungarvíkur sem fram fór á Syðridalsvelli á laugardag. Í öðru sæti var Bjarni Pétursson frá GBO en Unnsteinn Sigurjónsson (GBO) varð þriðji og Sigurður Óskar Waage frá Golfklúbbum Kyli fjórði. Rúmlega 30 kylfingar mættu til leiks að þessu sinni og datt helmingur þeirra út í fyrstu umferð eftir að hafa leikið 9 holur. Þeir sem komust lengst áfram í mótinu léku alls 45 holur og er ljóst að gott úthald þarf til að halda einbeitingu svo lengi. – kristinn@bb.is

Áfengi gert upptækt hjá unglingum

Aldrei áður hefur lögreglan á Ísafirði haft afskipti af eins mörgum ungmennum vegna meðferðar þeirra á áfengi eins og um nýliðna helgi, að því er fram kemur í dagbók lögreglunnar. Í tuttugu tilfellum hafði lögreglan slík afskipti af um 50 ungmennum og lagði hald á um 100 bjórflöskur og bjórdósir. Auk þess var lagt hald á nokkrar flöskur af áfengi. Nokkrir aðilar voru með áfengi á hátíðarsvæði UMFÍ á Ísafirði og í áhorfendastúku við leikvang. Var þeim öllum vísað frá. Þar með eru taldir fullorðnir einstaklingar sem voru með áfengi. – hlynur@bb.is



SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR OG
FRIÐFINNUR SIGURÐSSON Á ÞINGEYRI

Fiskisúpan hennar mömm

Okkur finnst rétt að deila með ykkur uppskrift að fiskisúpu sem okkur finnst frábær. Þessi súpa er bæði í senn, létt og kröftug. Hún er góð tilbreyting frá grillmatnum núna í hitanum en einnig er hún fullboðleg til hátíðabrigða. Sjálfsagt má nota í hana margskonar fiskmeti eftir smekk hvers og eins. Yfirleitt notuð við ýsu eða lúðu, og rækjur.

400 g fiskur
200 g rækjur
4-5 stórir laukar
1-2 hvítlausrif
1 dós niðursoðnir sveppir (400 g með safa)
1 dós niðursoðnir tómatar
2 msk matarolía
1 msk karrý
2 tsk svartur pipar
2 saffran þræðir
2 tsk turmeric
½ l kjúklingasöð eða ½ flaska af þurru hvítvíni
½ l vatn
2 lárviðarlauf
knippi af ferskri steinseljú
salt eftir smekk
sitrónusafi
matarolía

Brytjið fiskinn í smáa teninga og kreystið sitrónusafa yfir, geymið í kulda. Saxið lauk og hvítlauk í stóran pott og



mýkið í olú (má ekki brúna). Setjið síðan pipar, karrý, saffran og turmeric saman við og hrærið vel. Næst eru settir út í tómatar, sveppir, kjúklingasöð (eða hvítvín), vatn og lárviðarlauf. Þetta er látið sjóða í 5 mínútur.

Að lokum eru rækjurnar og síðan fiskurinn settur út í súpu þegar hún er við suðumark. Látið súðuna koma upp aftur en takið síðan pottinn af hellunni. Stráið steinseljú yfir og saltið að vild. Lokið pottinum og látið hann standa í 5-8 mínútur.

Varist að hræra því þá fer fiskurinn í sundur og passið að ofsjóða ekki. Gott er að bjóða með snittubrauð með osti, hvítlauksbrauð úr Gamla bakaríinu eða partýbrauð frá Bakararunum.

Við skorum á Þingeyringinn Sunnu Mjöll Sigurðardóttur, sem nú býr í Hnífsdal, að koma með eina góða næst.

Arnar Geir Hinriksson lögmaður á Ísafirði

Skorar á Veðurstofuna að halda áfram hrakviðrisspám

Arnar Geir Hinriksson lögmaður á Ísafirði hefur ritað Veðurstofu Íslands símbréf þar sem hann skorar á stofnunina að halda endilega áfram hrakviðrisspám sínum fyrir Vestfirði.

„Þið eruð búnir að spá hér leiðindaveðri alla vikuna en það hefur verið hér sól og blíða alla daga og nú vaknar maður kl 5 að morgni í heiðrjúku hér á Ísafirði. Það virðist vera aðalreglan hjá ykkur að spá hér



Arnar Geir Hinriksson.

leiðinlegra veðri heldur en raun verður á“, segir Arnar í bréfi sínu. Þess má geta að þegar þetta er ritað er hæglatís veður á Ísafirði, hlýtt en nokkuð skýjað þó sól bregði fyrir.

Vitnar Arnar til sögu af samskiptum Þorkels Sigmundssonar, eða Kela trillukrarls, í Bolungarvík og Magnúsar Jónssonar veðurstofustjóra. Fer hún hér eftir í heild sinni:

„Eitt sinn var Keli fenginn til að skutla Magnúsi, veður-

stofustjóra, á trillu sinni norður að Horni. Tóku þeir félagar tal saman. Varð þá Kela að orði. Þú ert nú skárri en þeir flestir hinna, þú hefur þó einu sinni spáð rétt. Nú hvenær var það? Spurði veðurstofustjóri spenntur. Þú varst í útvarpsviðtali skömmu fyrir jól og sagðir þá: nú líður að vetrarsólstöðum og fer þá sól senn að hækka á lofti.“ segir Arnar Geir í bréfi sínu.

– kristinn@bb.is

Könnun umferðarfulltrúa Vestfjarða og vinnuskóla sveitarfélaganna

Ríflega fjórði hver ökumaður á Vestfjörðum notar ekki bílbelti

Ríflega fjórðungur ökumanna á Vestfjörðum, eða 29%, notar ekki bílbelti. Meðal farþega í framsæti er út-koman heldur skárri en 20% þeirra notar ekki bílbelti. Farþegar í aftursæti virðast vera duglegastir við að spenna beltin en þó voru 11% þeirra óspenntir. Þetta kemur fram í könnun Júlíusar Ólafssonar

umferðarfulltrúa Vestfjarða sem framkvæmd var á Ísafirði, Patreksfirði, Hólmavík og Bolungarvík, með aðstoð vinnuskóla byggðarlaganna. Bílbeltanotkun var skoðuð í 1.213 ökutækjum í júlí.

„Þetta er auðvitað grafalvarlega niðurstaða. Öllum á að vera ljóst mikilvægi bílbeltanotkunar en greinilega er

ástæða til að hnykkja á því, sérstaklega þegar stærsta umferðarhelgi ársins gengur í garð. Ljósi punkturinn er þó að fólk virðist vera meðvitað um öryggi barna sinna en yfirleitt eru þau aftursætisfarþegar“, segir Júlíus.

Ef skoðuð er bílbeltanotkun í einstaka byggðalögum var útkoman verst í Bolungarvík

en þar nota 49% ökumanna ekki bílbelti. Hólmvíkingar stóðu sig best en þar eru einungis 10% ökumanna bílbeltatrassar. Á Ísafirði notuðu 27% ökumanna ekki bílbelti en 38% á Patreksfirði.

„Bílbeltanotkun á að vera 100%. Lögin segja til um það en þau á ekki að purfa til“, sagði Júlíus. – kristinn@bb.is

MAÐUR VIKUNNAR

Meistari
Chaplin
er í miklu
uppáhaldi



Nafn: Elvar Logi Hannesson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Bíldudal 4.02.1971.

Atvinna: Leikari, leikstjóri og vert á Langa Manga.

Fjölskylda: Konan mín heitir Marsibil Guðbjörg Kristjánsdóttir og saman eigum við þrjár valkyrjur, Þórunni Sunnevu, Heiði Emblu og Öldu Lönnu.

Helstu áhugamál: Leiklist, listir og kaffi.

Bífréið: Tólf ára eðlavaln að gerðinni Mitsúbissi.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Er ekki mikill bílakall en væri alveg til í að eiga eina Bjöllu.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Flugmaður eins og Vilhjálmur heitinn Vilhjálmsson söngvari sem var í miklu uppáhaldi hjá mér. Var meira að segja svo heppinn að hitta hann einu sinni þegar hann flaug vestur á Bíldudal og drakk kaffi heima í Birkihlíðinni.

Uppáhalds matur? Crêpes pönnukökur en það vill svo skemmtilega til að þær fást á Langa Manga.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Þjóðarréttur Skota, Hages, eða hvað það nú aftur heitir. Átti að vera eins og íslenska slátrið en ég hef sjaldan átt jafn erfitt með að klára af disknum en gerði það nú samt enda alinn upp við að klára matinn af disknum.

Uppáhalds drykkur? Ölið smakkast nú alltaf vel en kaffið er ennþá betra.

Uppáhalds tónlist? Flest virkar vel á mig, þó lítið fyrir nýja poppið. Gömul íslensk músík, Vilhjálmur, Ellý og Co eru oft undir geislanum, einnig ýmis kvikmyndatónlist.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Nokkuð síðan ég hætti að stunda sportið. En auðvitað er það félagið hér í bæ og svo verð ég nú líka að koma mínu gamla félagi ÍFB á Bíldudal líka að.

Uppáhalds sjónvarpsfni? Horfi mjög lítið á sjónvarp, en þó fannst mér fjarska ljúft að leggjast upp í sófann og horfa á Silfur Egils. Einnig reyni ég að sjá íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsleikrit.

Uppáhalds vefsíðan? bb.is er upphafssíðan, svo fer ég oft inn á Arnfróingavefinn og á leiklist.is sem er vefur Bandalags íslenskra leikfélaga, skollans góður vefur.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Erfitt að velja á milli mynda meistara Chaplins sem er í miklu uppáhaldi hjá familíunni. Segjum bara Gullæðið.

Fallegasti staður hérlendis? Það er auðvitað ættaróðalið Krosseyri í Arnarfirði.

Fallegasti staður erlendis? Eyja í Eistlandi sem heitir Hyuma. Dvaldi þar fyrir nokkrum árum á sveitasetri.

Ertu hjátrúarfull(ur)? O, já.

Uppáhalds heimilistækið? Uppþvottaburstinn.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Vinna með skemmtilegu fólki að skemmtilegum verkefnum.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Óheiðarleiki. Fer roboðslega í taugarnar á mér og ég held að ég þurfi ekki að útskýra hvers vegna.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Slappa af með familíunni. Fer t.d. eitthvað út í náttúruna, burt frá ys og þys.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já, og þeir eru eiginlega í fleirtölu. Vona að einhverjir þeirra rætist.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það er ansi margt. Til að nefna eitthvað þá vildi svo óheppilega til þegar ég dvaldi í fyrsta sinn heima hjá tengdforeldrum mínum að ég var búinn að fá mér aðeins of mikið neðan í því og leið svo fjári illa um nóttina. Og það sem verra var að konan var búin að lýsa kauða sem miklum reglumanni, en ég held samt að þau séu búin að fyrirgefa mér þetta.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Svo sem erfitt að koma öllu því í framkvæmd sem manni langar að breyta en ég hefði ekkert á móti því að bæta nokkrum millum inn í okkar góða menningarlíf.

Lífsmottó? Stattu á þínu og gerðu þitt besta.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560

Afli fyrir 1,6 milljarð unninn á Vestfjörðum fyrstu fjóra mánuði ársins

Fyrstu fjóra mánuði ársins komu 14.820 tonn til vinnslu á Vestfjörðum að verðmæti 1.568 milljóna króna. Mest var unnið af þorski eða 6.544 tonn en aflaverðmæti hans var 794 milljóna króna. Þá komu um 4.138 tonn af steinbít til vinnslu að verðmæti um 339 milljónir króna, 2.377 tonn af rækju að verðmæti 219 milljónir og 1.026 tonn af ýsu að verðmæti 114 milljónir króna. 416 tonn af grálúðu komu til vinnslu að verðmæti líðlega 79 milljónir króna. Minna var unnið af öðrum tegundum og fer engin þeirra yfir tíu milljónir í aflaverðmæti.

Heildaraflí Íslendinga var 795 þúsund tonn á sama tíma-bili og var verðmæti hans 24,7 milljarðar króna. Botnfiskaflinn var 160 þúsund tonn og fékkst fyrir hann 17,5 milljarðar króna, þar af var verðmæti þorsks 10,9 milljarðar en magnið 82 þúsund tonn. Verðmæti uppsjávartegunda var 4,6 milljarðar króna og magnið 612 þúsund tonn. Fyrir aðrar tegundir fengust 2011 milljónir króna.

Hér er um bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands.

– kristinn@bb.is

Friðfinnur Sigurðsson bifreiðastjóri á Þingeyri

Beitir gamallri en snjallri tækni beitt við hellulögn

Friðfinnur Sigurðsson og Sigríður Helgadóttir vinna nú að endurbótum á garði milli einbýlishúss og gistiheimilis þeirra á Þingeyri. Við hellulögn í garðinum beitir Friðfinnur gömlu en snjöllu bragði til að taka hæðarpunkta fyrir stéttina. Útbjó hann hæðarmæli úr garðslöngu með gagnsæjum plaströrum á hvorum enda. Mælirinn er fylltur með vatni en yfirborð þess sýnir hæðina miðað við kvarða á rörinu. „Ég festi annan endann en nota hinn til sjá hæðarbreytingu frá fasta punktinum. Mælirinn var kvarðaður með því að setja báða endana í fasta punktinn og

draga strik við vatnsyfirboðið. Þannig veit ég, að ef vatnsyfirborðið ber við kvarðann, þá er ég í sömu hæð og fasti punkturinn er.“ „Svona gerðu menn þetta í gamla daga. Ég hefði alveg eins getað leigt mér hæðarkíki og mælt þetta út með honum en þetta virkar alveg jafn vel. Auk þess er aðferðin skemmtilegri því marga rekur í rogastans í fyrstu þegar þeir sjá mig bjástra með þetta torkennilega verkfæri“, sagði Friðfinnur.

kristinn@bb.is

Friðfinnur Sigurðsson við mælinn góða.



„Fasti punkturinn“ er hægra megin en vinstri armurinn gefur hæðina m.v. hann.



Þegar vatnsyfirborðið er jafnhátt í pípunum ber kvörðunum saman.

Rækjuhátíðin Kampalampinn 2003 á Ísafirði

Sjávarútvegráðherra setur hátíðina

Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra setur rækjuhátíðina Kampalampinn 2003 á morgun, fimmtudaginn 7. ágúst en hátíðin verður haldin á Ísafirði um helgina.

Rækjuhátíðin er haldin í til-

efni þess að 80 ár eru liðin frá upphafi rækjuveiða við Ísland. Þær hófust í Ísafjarðardjúpi og hefur Ísafjörður frá upphafi gegnt lykilhlutverki í sögu rækjuíðnaðar á Íslandi. Skipulag hátíðarinnar er í höndum

atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar og hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar en hún verður samvinnuverkefni fjölmargra aðila í sjávarútvegi, Byggðasafnsins, ferðapjónustufólks og veitingamanna.

Boðið eru upp á fjölbreytta dagskrá þar sem fólk gefst m.a. kostur á smakka ýmsar rækjukrásir, fræðast um sögu rækjuveiðanna og kaupa ferskt sjávarfang á fiskmarkaði.

kristinn@bb.is

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

Komandi leiktíð í úrvalsdeild undirbúin að krafti

Vel gengur að undirbúa komandi keppnistímabil hjá meistaraflökki Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar (KFÍ). Liðið sigraði í 1. deild síðasta vetur og leikur þess vegna í úrvalsdeild á næsta tímabili. Fyrsti leikur liðsins verður í byrjun október. „Undirbúningur gengur hægt en örugglega“, segir Hrafn Kristjánsson, þjálfari og leikmaður

KFÍ. „Hópurinn er oftast ekki orðinn nógu mannmargur fyrr en um miðjan ágúst en útlendingar og þeir sem eru fyrir sunnan koma ekki fyrr en þá.“ Hrafn segir að ætlunin sé að fara til Lundúna 4. september og spila þar þrjá eða fjóra leiki við ensk úrvalsdeildarlið. „Þá ætlum við að reyna að koma á æfingamóti, helst á Ísafirði, og bjóða þangað einhverjum

liðum.“ Vel gengur að manna liðið og segir Hrafn að margir hafi áhuga á að spila með KFÍ. „Atvinnuástand ræður miklu um það hverjir vilja koma. Menn eru mismunandi menntaðir og stundum er ekki hægt að finna viðunandi vinnu fyrir þá.“ Tveir Bandaríkjamenn leika með KFÍ á komandi vetri, þeir

Anton Collins og Jeb Yvey. Á þessari stundu eru engin áform uppi um að ráða fleiri erlenda leikmenn til liðs við KFÍ. „Það er búið að setja ákveðið þak á launagreiðslur félaganna og við viljum eiga einhvern slaka inni ef meislslí eða slíkt koma upp á þegar leiktímabilið er að hefjast“, segir Hrafn Kristjánsson.

halfdan@bb.is

Auglýsing til kattaeigenda

Kattaeigendur í Ísafjarðarbæ athugið! Á næstu vikum fer fram útrýming á villiköttum og flækingsköttum á vegum sveitarstjórnar. Vinsamlegast athugið að til að komast hjá óþægindum eru ábyrgir kattaeigendur vinsamlegast beðnir um að merkja heimilis-ketti tryggilega með bjöllu og hálsól þar sem fram kemur nafn eiganda, heimilisfang og símanúmer.

Með vísan í 58. gr. reglugerðar um hollustuhætti er athygli kattaeigenda vakin á að umráðamanni katta er skylt að láta orma-hreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Eigandi eða umráðamaður kattar skal geyma hreinsunar-vottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlits-aðila ef óskað er.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Framtíðin er undir frum einstaklinga og fyrirtækjum

– segir Guðni G. Jóhannesson, ferðapjónustufrömuður og bæjarfulltrúi á Ísafirði

Guðni Geir Jóhannesson á Ísafirði og Margrét Jónsdóttir eiginkona hans hafa á rúnum áratug byggt upp umfangsmikinn rekstur undir merkjum Ferðapjónustu Margrétar og Guðna. M.a. reka þau langferðabíla, gistiheimili, bifreiðapjónustu og bílasölu. Er því óhætt að segja að í mörg horn sé að líta á því heimili. Að auki hefur Guðni verið virkur í sveitarstjórnarmálum í Ísafjarðarbæ og hefur setið í bæjarstjórn fyrir Framsóknarflokkinn frá 1998. Því er forvitnilegt að taka hús á Guðna og spyrja hann spjörum úr um uppbyggingu atvinnurekstrarsins, bæjarmálin og framtíðarsýn hans fyrir Vestfirði.

– Nú hafið þið hjónin verið umsvifamikil í atvinnulífinu á Ísafirði og byggt upp fyrirtæki sem hefur undir höndum fjölpætta starfsemi. Hvað er langt síðan þið hófuð þennan rekstur? Hafið þið kannski alla tíð verið eigin herrar?

„Nei, nei, við höfum ekki alltaf verið það. Þetta byrjaði 1989 þegar ég fór að setja upp áætlanarferðir í samstarfi við bæjaryfirvöld á Ísafirði upp á skíðasvæðið á Seljalandsdal. Árið eftir tókum við líka að okkur rekstur skíðaskálans Skíðheima. Þannig byrjaði þetta að rúlla. Það hentaði ágætlega að vera með þetta saman, aksturinn og skíðaskálann. Rútuferðirnar voru heimilíkið nýttar, ég var með þrjá bíla í rekstri og það var líka verið að fara í byggðarlögin hér í kring. Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Súðavík og Bolungarvík.“

– Hvað hafðirðu starfað við áður en þú fórst út í aksturinn? Kannski ýmislegt eins og gengur?

„Ég var mörg ár til sjós á hinum og þessum skipum. Lærði nú á sínum tíma í skipasmíðastöðinni hjá Marzellíusi Bernharðssyni og hef svo sem unnið við ýmislegt. Ætli sé ekki óhætt að segja að maður hafi komið við á ýmsum stöðum í atvinnulífinu.“

Allir lónaðarmenn bæjarins ráðnir í vinnu

– Síðan fer ferðapjónustu-

Gamla gisti húsið í Mánagötu?

„Það má náttúrliga segja að það sé stærsti áfanginn, a.m.k. fjárhagslega, þetta var töluvert dýrt. Við keyptum þetta hús að áeggjan bæjarstjóra hér í bæ sem þá var, Smára Haraldssonar. Auðvitað blundaði það í manni að þetta væri hentugt fyrir gistið en við byrjuðum á því að innrétta okkur þarna íbúð sjálf og bjuggum þar í nokkur ár. Síðan fluttum við annað en þá gerist það, eins og ég segi oft, að ég vaknaði í einhverju brjálæðiskasti og það voru ráðnir allir iðnaðarmenn bæjarins. Þetta var árið 2000 og þá var bara hafist handa. Konan sópaði út síðustu smíðunum og málurum um því það var búið að bóka fyrsta hópinn 1. júní árið 2000.“

Vildu rífa húsið

– Verkið hefur þá einfaldlega þurft að ganga upp á réttum tíma.

„Það varð að ganga upp. Stundum var maður frekar svartsýnn en það hafðist. Þetta er hið dæmigerða íslenska verklag, að vera alltaf á síðustu stundu og vinna svo dag og nótt.“

– Þið hafið kýlt á þetta eins og sagt er

„Já einmitt, kýla á það. Við kunnum ekki að gera það öðruvísi. Auðvitað gerði maður sér grein fyrir því að það væri viss vöntun á gistirými, við vorum búin að kanna það. Við vorum ákveðin að hafa þetta frekar ódýrari gistingu þótt innréttingarnar væru dýrar. Þannig er hugmyndin að ná tekjunum frekar upp á nýtingunni en á háu verði. Það hefur svo sannarlega skilað sér. Ég geri ráð fyrir að núna í júlí sé nýtingin á bilinu 90 til 100 prósent. Það hefur nánast verið fullt í þessu húsi síðan um miðjan maí, hverja einustu nótt. Þetta auglýsir sig best sjálft. Gamli Ísafirðingur hafa mjög gaman af því að koma og sjá breytingarnar á húsinu. Herbergjaskipan er nokkurn veginn sú sama og var. Þannig kannast menn við að afi hafi verið í einu herberginu og frænka eða frændi í hinu og þar fram eftir götunum. Menn hafa mjög gaman af þessu og furða sig á því að lyktin skuli vera farin úr húsinu.“

Mér finnst mjög skemmtilegt að hafa upplifað það að geta gert þetta. Það er búið að gefa þessu gamla virðulega húsi hlutverk upp á nýtt. Þetta

var fyrsta sjúkrahúsið sem var byggt á Ísafirði árið 1886 og síðan verður það elliheimili. Nú er það gistið og sómir sér vel sem slíkt.“

– Húsið er ansi myndarlegt í dag eftir endurbæturnar. En má ekki segja að það hafi mátt muna glæstari tíð þegar þið tókuð við því? Þetta þótti ekki mjög vistlegt, eða hvað?

„Nei, það voru menn hér sem töldu þetta algjörlega ónýtt og það ætti ekkert að gera við húsið nema að rífa það. Heimtuðu að gamla fólk-ið yrði flutt út hið bráðasta. Þá var ráðist í byggja þá stofnun sem hýsir gamla fólk í dag. Menn vildu bara rífa þetta eða brenna. En hitt er örugglega rétt að þarna hafa verið ýmsir óæskilegir gestir í gegnum tíðina, því er ekki að neita. Þegar við tókum þetta í gegn, þá var skipt allt, bæði rafmagn, skólp og vatn, þannig er þetta nánast eins og í nýbyggingu í dag.“

Heppinn með starfsmenn

– Síðan eruð þið farin að reka bílþjónustu og nú síðast bílasölu.

„Ég hef lengi verið með hópferðabíla og síðan voru almenningssamgöngurnar hérna settar í útboð. Ég bauð í það og fékk. Síðan eignast ég skemmu niðri á höfn, nánast fyrir tilviljun ef svo má segja. Þá fer ég að velta því fyrir mér hvort ég eigi að selja hana eða gera eitthvað annað. Það stóð til að selja hana en fiskverandi sem nú er á Þingeyri hefur látið hafa það eftir sér að hann hafi ekki fengið húsið. En það er nú misskilningur. Hann gat fengið húsið en ég held að hann hafi ekki haft burði til að kaupa það. Þannig má segja að ég hafi eiginlega setið uppi með það.“

Þá hófst ég handa við að breyta því fyrir mína starfsemi sem voru þessir hópferða- og almenningssvagnar. Síðan hefur eitt leitt af öðru. Það er varla að maður ráði við atburðarásina. Núna er kominn þarna inn þvottastöð og dekkjaverkstæði. Síðan birtust þarna menn frá Ingvari Helgasyni, þar fram eftir götunum. Menn hafa mjög gaman af þessu og furða sig á því að lyktin skuli vera farin úr húsinu. Mér finnst mjög skemmtilegt að hafa upplifað það að geta gert þetta. Það er búið að gefa þessu gamla virðulega húsi hlutverk upp á nýtt. Þetta

hjá þessu fyrirtæki samtals. Þannig er ýmislegt að gerast í kringum mann fyrir utan svo allt annað sem maður er að vasast í.“

– Dagarnir eru þá væntanlega þéttskipaðir hjá ykkur hjónunum, og jafnvel allri fjölskyldunni.

„Jú, einn sonur okkur vinnur hjá fyrirtækinu á sumrin og er í Menntaskólanum á Ísafirði á veturna. Þau hafa öll meira og minna komið að þessu í gegnum tíðina. Þetta er heimilíkið starf að reka svona fyrirtæki og í mörg horn að líta þegar fyrirtækið er samansett með þessum hætti. Ég hef verið mjög heppinn að hafa góða starfsmenn. Það léttir náttúrliga heimilíkið undir þegar þeir eru traustir.“

Sést að ekki er setið aðuðum höndum

– Þar fyrir utan hefurðu verið virkur í ýmsum félagsmálum í bænum. Þú hefur t.d. starfað mikið með framsóknarfélögunum og í bæjarmálunum.

„Jújú, það hefur kannski verið tilviljanakennt eins og sumt annað. Ég er kosinn í bæjarstjórn 1998 og er núna á öðru kjörtímabili. Ég sé ekki eftir því, þetta er ansi skemmtilegt starf þó að það geti líka verið fjandi þreytandi á köflum – því er ekki að neita. En maður fer sjálfviljugur í þetta, maður er ekki neyddur út í þetta og berst meira að segja fyrir því í kosningum að vera kosinn. Þannig getur maður engum um kennt nema sjálfur sér.“

Ég hef haft mjög gaman af því að takast á við þessi verkefni. Ég held að sá meirihluti sem var á síðasta kjörtímabili og er svo uppistaðan í meirihlutanum að þessu sinni, og raunar sú bæjarstjórn í heild sinni, hafi unnið gott starf og tekist þokkalega upp. Auðvitað hefur bæjarfélagið verið skuldum vafið og illa sett fjárhagslega en það hefur nú ræst úr þessu öllu saman. Eflaust er það á dag með betur settum sveitarfélagið á landinu. Það hefur ýmislegt verið gert og ýmislegt að gerast. Þannig finnst mér gríðarlega ánægjulegt að sjá nýja gervigrasvöllinn okkar á Torfnesi. Ég sat á sínum tíma í byggingarnefnd Torfnessvæðisins fyrir hönd BÍ. Þá stóð til að hefjast handa og var búið að gera ramma-

samning við bæinn. Nýi völlurinn markar því endalok að minnsta kosti 14 ára baráttu fjölmargra aðila. Þá voru menn að tala um grasvöll en nú er komið gervigras sem er í raun mun betri niðurstaða. Heilt á litid held að það sjáist alveg á bænum að við sitjum ekki aðuðum höndum – ég þori að fullyrða það.“

– Þú hefur fylgst lengi með þessum málum þó að þú hafir ekki komið inn sem bæjarfulltrúi fyrr en síðustu ár.

„Jú, maður var náttúrliga að vasaast í kringum þetta í töluverðan tíma og sat í ýmsum nefndum. Ég var bæði formaður Framsóknarfélags Ísafjarðar og kjördæmissambandsins í nokkur ár. Því er ekki að neita að maður hefur fylgst með því sem er að gerast.“

Margföld aukning í komum ferðamanna

– Komum þá almennt að málefnum Ísafjarðarkaupstaðar og síðar Ísafjarðarbæjar. Finnst þér að bæjarmálin og umræðan í kringum þau hafi breyst? Nú hefur mikið breyst í umhverfinu á undanförnum árum.

„Breytingarnar hafa verið gríðarlega miklar bara síðan ég byrjaði í bæjarstjórninni 1998, þó að við förum ekki lengra en það. Við sameiningu sveitarfélaganna þegar Ísafjarðarbær varð til árið 1996 breyttist líka gríðarlega mikið. Síðan breytist líka allt umhverfið í Ísafjarðarbæ og á Vestfjörðum sem víðar úti um landsbyggðina í kringum kvótamálin, þó það sé nánast að bera í bakkafullan lækinn að minnast á það.“

Hér hafa bæði fyrirtæki farið á hausinn og önnur sameinast, sem hefur orðið til þess að fiskvinnslan og útgerðin á Ísafirði eru ekki nálægt því eins stór þáttur í atvinnulífinu og var áður – því miður. Ég hef ákveðnar skoðanir á þeim málum en vil kannski ekki vera að fara mikið út í það í sjálfa sér.

Því miður fór þetta svona. Við getum sjálfum okkur um kennt að einhverju leyti en síðan eru líka utanaðkomandi þættir sem hafa þarna áhrif. Í dag held ég að atvinnulífið sé alveg í þokkalegu standi, þannig lagað – menn hafa vinnu. Auðvitað er sjávarútvegurinn undirstaða alls hér á Vestfjörðum og verður um

Þankvæði ja komin

ókomna framtíð þó að aðrir vaxtarbroddar eigi fullkomlega rétt á sér og menn eigi að snúa sér að þeim. Kannski hefur það verið Akkílesarhæll okkar í gegnum tíðina að við horfðum ekki á neitt nema sjóinn og það þreifst ekkert við hliðina á þeim greinum. Þannig hefur ferðaþjónustan átt mjög erfitt uppdráttar hérna af því að menn hafa litíð á hana sem hobbí. Ég held að viðhorfið til ferðaþjónustunnar sé að breytast og menn eru farnir að sjá þar möguleika á að gera hana að heilsárs starfi. Síðan ég byrjaði að vinna við þetta hefur maður séð margfalda aukningu á komum ferðamanna hingað – það er ekki nokkur spurning.

Að öðru leyti með bæjar-málin held ég að við siglum tiltölulega lygnan sjó. Við erum að framkvæma eitt og annað. Ég freistast til að halda því fram að þetta sé bara í góðum höndum.“

Aldrei að víta hvenær reynir á snjóflóðavarnirnar

– Hafa menn brugðist kröftuglega við, að þínu mati, þeim erfiðleikum sem hafa dunið yfir á liðnum árum?

„Bæjaryfirvöld hafa náttúrlega átt erfitt með að bregðast við, hreinlega út af sinni eigin fjárhagsstöðu. Auðvitað höfum við unnið að því hörðum höndum, bæði bak við tjöldin og opinberlega, að hjálpa til í atvinnulífinu. Það sést nú yfirleitt ekki. Þetta eru mest víðtöl við ráðherra, þingmenn og alls konar embættismenn en ýmislegt hefur verið gert. Eitt af okkar fyrstu verkum var að setja byggðakvótann á Þingeyri. Ég held að ekki nokkur maður geti borið á móti því í dag, að það hafi verið mjög skynsamleg ákvörðun. Svo má náttúrlega deila um úthlutun á öðrum byggðakvótum sem komið hafa en þar hefur bærinn ekkert komið nálægt.

Okkur tókst að koma í gegn hér menningarhúsum sem þýða heilmikla peninga hingað inn. Það þýðir að húsin verða kláruð og félögin sem að baki þeim standa þurfa ekki að bera skuldahala á eftir sér árum saman. Safnahúsið á Eyrartúni ber þess merki að endurbæturnar eru unnar af stórhug. Þannig er ýmislegt sem er búið að gera, til dæmis

má nefna uppbyggingu á Flateyri með aðstoð ríkisvaldsins. Við erum í umdeildu verkefni núna sem er snjóflóðavarnargarðurinn við Seljaland og í framhaldi af því reiknum við með að fara í frekari framkvæmdir á því sviði. Þannig er með þessar snjóflóðavarnir, að við ráðum ekki ferðinni á því sviði, heldur eru lög í landinu sem kveða á um að þetta skuli gert. Það var ákveðið að gera þetta með þessum hætti og við verðum að sætta okkur við það.

Ég veit um fullt af fólki sem er algjörlega á móti þessu en það er betra að byrgja brunnið áður en barnið dettur ofan í. Við vitum aldrei hvenær þær aðstæður skapast hér aftur sem voru t.d. þegar snjóflóðin á Seljalandsdal eða í Súðavík og á Flateyri féllu, með öllum þeim hörmungum sem fylgdu. Við verðum að reyna að koma í veg fyrir slíkt.“

Menn verða að taka því þegar blæs á móti

– Nú ert þú búinn að vera í sjálfstæðum rekstri hátt á fimmtánda ár. Varla hefur það alltaf gengið vel frekar en í öðrum atvinnurekstri og væntanlega hafa skipst á skin og skúrir.

„Maður lifandi, ég væri hrokafullur ef ég héldi því fram að allt hafi gengið vel. Þetta bara gengur upp og niður eins og veðrið. Stundum gengur mjög vel og allt er í lagi en hina stundina er þetta erfitt og maður þarf að baslast áfram. Með því að gefast ekki upp og halda áfram hefur þetta gengið. Ekki síst með því að hafa trú á því sem maður er að gera sjálfur, öðruvísi hefst það ekki. Það er ekki víst að allir hafi trú á því sem maður er að gera en ef maður hefur trú á því sjálfur þá held ég að það hljóti að ganga upp.“

– Þetta hlýtur að taka á. Það er óvissa sem fylgir atvinnurekstri og jafnvel allt heimilið undir ef illa fer. Hvað fær menn til að takast á við svona verkefni og ekki síst að halda út í rekstri?

„Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör – þetta er náttúrlega þínulítil geggjún. Þegar maður er einu sinni kominn af stað í atvinnurekstri er erfitt að snúa til baka. Það er erfitt að fara frá því að vera sjálfs sín herra aftur í að vera launamaður hjá öðrum. Ég er ein- hvern veginn svona gerður og



hef viljað ráða mér sjálfur, ef ég get orðað það þannig. Konan og börnin hafa stutt mig í þessu og saman höfum við gengið í gegnum þetta. Það er auðvitað ekki hægt öðruvísi – með góðum stuðningi hefur manni tekist þetta. Ég get svo sem ekkert lýst því öðruvísi hvað veldur því að menn fara út í atvinnurekstur, það er ótalmargt sem veldur því. Sjálf-sagt þarf bjartsýni líka, jafnvel smávegis bilun. Síðan er að hafa áráði og þor en það hlýtur að vera stóra málið að gefast ekki upp. Það blæs á móti en menn verða bara að taka því.“

Ferðafólkið stoppar lengur

– Hvað sérðu fyrir þér í rekstrinum í framtíðinni?

„Hann er ansi fjölpættur hjá manni. En ég set mörg egg í körfuna einfaldlega til að fyrir-

tækið standi á traustari fótum. Ég er bara bjartsýnn. Ég leyfi mér ekkert annað. Ef ég fer að verða svartsýnn og leggjast í þunglyndi, þá er þetta búið, það gengur ekki upp. Ég held að ferðaþjónustan eigi eftir að aukast hér, hún hefur verið að gera það undanfarin ár. Menn þurfa náttúrlega að standa vel saman hérna og miklu betur en menn hafa gert í gegnum árin. Það hefur verið Akkílesarhæll manna hér í gegnum árið að standa ekki nógu þétt saman.

Okkur vantar öfluga markaðssetningar- og söluskrifstofu. Ég sé fyrir mér að það þurfi að gerast. Nokkrir aðilar hérna eru orðnir töluvert öflugir, til dæmis áætlanarbátarnir. Ferðaþjónustan er líka að gerjast í byggðakjörnum í kringum okkur og það er mjög gott. Ég er mjög bjartsýnn á framtíð ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum og ég held að við

eigum mjög mikla möguleika hér.“

– Telur þú að það styrki greinina ef uppbyggingin verður um allt svæðið og ferðamönnunum bjóðast þannig fjölbreyttari möguleikar?

„Ekki nokkur vafi, við sjáum hvað er að gerast. Maður merkir að hingað koma hópar á langferðabílum og stoppa miklu lengur við en bara fyrir þremur til fjórum árum. Þá komu þeir á land á Brjánslæk, fóru út á Látrabjarg, keyrðu á Ísafjörð til að gista og voru farnir að morgni. Í dag eru að koma hópar sem stoppa í þrjá til fjóra daga. Þeir fara til að skoða sig um og njóta afþreyingar. Fara á kajak og gera ýmislegt af því tagi, skoða söfn og fleira. Vestfirðir í heild sinni virðast vera töluvert inni í ferðaþjónustunni í dag.

Það vekur furðu manns, en mjög mikið af fólki um og

yfir miðjum aldri hefur aldrei komið til Vestfjarða. Undantekningarlaust virðist þetta fólk vera mjög hrifið þegar það loksins kemur og finnst það vera að upplifa öðruvísi hluti – það er þá jafnvel búið að ferðast um allt landið áður en hefur skilið Vestfirðina eftir. Þar komum við aftur að markaðssetningunni sem er kannski stóri þátturinn sem við þurfum að taka í gegn og bæta. Ég hef fulla trú á að ferðaþjónustan eigi eftir að leika nokkuð stórt hlutverk þó að hún verði kannski aldrei stærsti atvinnuvegur Vestfjarða.“

Vegtenging milli byggða hefði átt að ganga fyrir

– Nú er verið að gera miklar samgöngubætur í Ísafjarðardjúpi, skiptir það miklu máli fyrir ferðaþjónustuna?

„Að sjálfsögðu hefur það geysimikla þýðingu og á því sviði hafa verið stigin stór framfaraspor. Bara á síðustu 7 til 8 árum hafa orðið miklar breytingar til batnaðar. Í nokkur ár keyrði ég með póstinum fimm daga vikunnar á Brú í Hrútafirði og alltaf var farið á nóttunni. Maður fann það mjög vel á sjálfum sér hvað vegakerfið batnaði mikið á þessum árum og hefur batnað síðan og er enn að batna. Ég ætla ekkert að líkja því saman.

Þannig getum við með stolti sagt við ferðalanga að þeim sé óhætt að koma hingað, vegirnir séu ekkert verri en hvar annars staðar á landinu. Þessi umræða hefur verið í gangi um slæma vegi og við höfum verið ansi dugleg við hana sjálf. En þetta hefur batnað mikið og á eftir að batna miklu meira.

– En nú eru menn kannski að setja sig í stellingar fyrir næstu stórsökni í vegamálum sem myndi væntanlega vera tenging norður- og suður-svæða Vestfjarða með jarðgöngum og öðru tilheyrandi. Hvaða þýðingu telurðu að það myndi hafa?

„Þetta er náttúrlega hitamál í sveitarstjórnarpólitíkinni. Menn eru með deildar meinningar um hvað á að gera í dag, að ég tali ekki um í gegnum árin. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að menn hafi átt að halda áfram vestur úr um leið og jarðgöngin voru opnuð hér. Slá þannig tverr flugur í einu höggi. Tengja norðursvæðið saman við Vesturbbyggð og Tálknafjörð og fara þaðan suður. Auðvitað eigum við Vestfirðingar eins og aðrir landsmenn að eiga kost á því að fara hring. Það er svo sem hægt en það er ekki fullkomið vegakerfi á þeim hring.

Jarðgöng eru dýrar framkvæmdir en ég sé það fyrir mér að í framtíðinni muni þetta gerast. Það er mjög mikils virði fyrir okkur Vestfirðinga, í náninni framtíð, að fá þessa tengingu á milli byggða. Ég hefði viljað að hún gengi fyrir mörgu öðru.“

Menn hljóta að vera bjartsýnir

– Það má segja að mikið hafi áunnist en stór verkefni séu eftir.

„Já, mikil ósköp, í vegamálinum eru næg verkefni. Ef menn ætla að fara að bora jarð-

göng, þá liggja fyrir þau stórverkefni að fara undir Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði.

Talandi um jarðgöng, þá hefði ég t.d. viljað sjá menn fara í gegnum Hestakleif inni í Djúpi í stað þess að brúa Mjóáfjörð en auðvitað eru alltaf uppi margvísleg sjónarmið í þessum málum. Maður verður að treysta því að þessir menn hjá Vegagerðinni viti hvað þeir eru að gera. Í meginráttum held ég að við séum á réttri leið.“

– Ertu bjartsýnn á horfur í búsetu- og atvinnumálum okkar Vestfirðinga?

„Já, ég er það og tel að við eigum hér mikla möguleika. En menn verða að átta sig á því að þetta byggir ekki bara á bæjaryfirvöldum. Þetta byggist líka á einstaklingum úti í bæ sem hafa frumkvæði og þor til að takast á við hlutina og gera eitthvað. Það hefur verið svolítið væl að mínu viti, að ríkið eigi að gera hitt og bærinn þetta. Það má vel vera að ríkið eigi að koma meira að málum. En það hefur verið stefna hér hjá bæjaryfirvöldum að koma ekki inn í fyrirtæki með beinum hætti heldur að reyna að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins með öðrum aðferðum. Þetta byggist náttúrlega ekki síst á frumkvæði einstaklinga og forystumanna fyrirtækja hér í bæ, að þeir hafi einhverja framtíðarsýn á þetta svæði.

Ef við sem erum að vafstra í atvinnulífinu höfum ekki trú á því sem við erum að gera, þá mun fara illa fyrir okkur. En ég held að það hljóti að vera að menn séu bjartsýnir. Ég er að minnsta kosti það bjartsýnn að ég er farinn að andskotast í einu húsinu í viðbót. Það er nýjasta viðfangsefnið, húsið að Mánagötu 1“, segir Guðni Geir sem ætla að breyta því fornfræga veitinga- og gisti-húsi í íbúðir. Einu sinni var þar rekið Mánakaffi en tíminn á eftir að leiða í ljós hvaða nafn húsið mun hljóta frá nýjum eigendum.

Guðni er vafalítið upptekinn maður og er staðinn upp nánast með það sama og hann hefur mælt síðustu orðin. Bjartsýnt fólk endurnærir umhverfi sitt og hlýtur því að teljast afar verðmætt hverju samfélagi. Enda hefur stórum hlössum tæpast verið velt nema bjartsýnin hafi verið með í för.

– kristinn@bb.is



Þúsundir manna voru við setningarathöfnina á Torfnesi á föstudagskvöld.

Unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði tókst eins og best verður á kosið

Aldrei fyrr verið annar eins mannfjöldi á Ísafirði

Um 1.200 ungmenni kepptu í sjö íþróttagreinum á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Ísafirði um liðna helgi. Þótti mótið takast afar vel og segja aðstandendur þess aðstæður allar á Ísafirði hafa verið eins og best verður á kosið. Ungmennin áttust við í knattspyrnu, sundi, frjálsum íþróttum, körfubolta, glímu, skák og golfi en hætt var við keppni í handknattleik. Grísk-

rómversk glíma og badminton voru sýningargreinar á mótinu en auk þess var efnt til fjölteflis við stórmeistarann Jóhann Hjartarson.

Talið er að á milli 5 til 6 þúsund gestir hafi gist tjaldsvæði mótsins í Tungu en að auki lögðu fjölmargir ferðamenn leið sína í bæinn til að fylgjast með mótinu og gistu víða á norðanverðum Vestfjörðum. Aldrei áður hefur svo

fjölsóttur mannfagnaður verið haldinn á Ísafirði.

Keppni á unglingalandsmóti hófst á föstudag en um kvöldið var mótið sett að viðstöddum forseta Íslands. Boðið var upp á fjölbreytta afþreyingu alla helgina. Kvöldvökur á hátíðarsvæði á Eyrartúni voru vel sóttar en þar léku m.a. hljómsveitirnar Á móti sól, BMX og Apollo.

Mótinu var slitið með veg-

legri lokahátíð og flugeldasýningu á sunnudagskvöld. Fólksstraumurinn á mótið náði hámarki á föstudag. Þá var lágskýjað á Ísafirði og létti ekki til fyrr en síðdegis á laugardag. Á sunnudag skartaði bærinn sínu fegursta í rjóma-blíðu og glampandi sólskini.

Meðfylgjandi myndir eru frá hinum fjölbreyttu viðburðum á Unglingalandsmótinu.

kristinn@bb.is



Hin aldna íþróttakempa Gunnar Pétursson frá Ísafirði tendraði landsmótseldinn.



Forseti Íslands og eiginkona hans koma til setningarathafnarinnar á Torfnesi ásamt Birni B. Jónssyni formanni UMFÍ.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560

Eldur í sumarhúsi á Atlastöðum í Fljótavík

Betur fór en á horfðist þegar kviknaði í sumarhúsinu Atlastöðum í Fljótavík á föstudagskvöld, út frá rekaviðarkynntum ofni. Eldurinn kviknaði í vegg á bak við ofninn sem útblástursrör hans liggur í gegnum. Gestum í bústaðinum tókst að slökkva eldinn með því að tæma úr slökkvitækjum og skvetta á hann vatni. Skemmdir urðu minni en á horfðist. Atlastaðir eru í eigu afkomenda fyrrum ábúenda í Fljótavík. Þá brenndist maður í andliti sem var við varðeld í Fljótavík á laugardagskvöld. Reyndust áverkar hans ekki alvarlegir. –kristinn@bb.is

Geitungafaraldur um alla Vestfirði

Geitungum virðist hafa fjölgað gríðarlega á Vestfjörðum í sumar. Veturinn var afar hlýr og var því spáð að sumarið yrði mikið „pöddusumar“. Virðast þær spár sannarlega ganga eftir. „Það hefur verið ótrúleg mikið að gera í eyðingu á geitungabúum. Miðað við sumarið í fyrra gæti ég trúað því að það væri helmingsaukning“, segir Valur Richter, meindýraeyðir. „Maður er að eyða búum annað hvert kvöld, liggur við. Mest er þetta trjágeitungur og búin eru oft á sólþöllum og sólskyggnum.“ Valur segir að geitungarnir dreifist um alla Vestfirði. – halfdan@bb.is

Hin árvissa kjötsúpa elduð í læknishúsinu

Hið árlega ketsúpukvöld í Læknishúsinu á Hesteyri í Jökulfjörðum var haldið á laugardagskvöld. Hátt í hundrað gestir, farþegar bæði með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar og farþegabáti Hornstranda ehf., auk „inn-fæddra“ Hesteyringa, komu til að gæða sér á hinni gömsætu kjötsúpu Birnu Pálsdóttur bústýru í Læknishúsinu. Að sögn aðstandenda ketsúpukvöldsins á súpan orðið tryggja aðdáendur sem koma ár eftir ár. Að venju buðu börn og tendabörn Birnu upp á tónlistaratriði af ýmsu tagi og skemmtan með góðri þátttöku gesta. –kristinn@bb.is



Fjöldmenni fylgdist með setningarathöfninni á Torfnesi.



Björn B. Jónsson formaður UMFÍ setur mótið.



Unga fólkið kunni vel að meta tónlist BMX frá Ísafirði.



Hljómsveitin BMX tryllti lýðinn á föstudags- og sunnudagskvöld.



Simmi og Sveppi sáu um kynningu á kvöldvökunum og leystu það verkefni vel.



Forsetahjónin spjölluðu við landsmótsgesti í Tungudal.



Forsetinn brá á leik með unga fólkinu í Tungudal.



Frá keppni í langstökki.



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUS STÖRF VIÐ GRUNNSKÓLANN Á ÍSAFIRÐI

Starf við Dægradvöl: Um er að ræða 50% starf. Vinnutími frá kl. 12:30 til 16:30 frá 1. september. Starfið tekur einkum til gæslu og umönnunar barna í 1. og 2. bekk. Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður geti einnig tekið að sér ræstingar í húsnaði Dægradvalar síðdegis skv. fermetragjaldi (um 50-60 ferm.). Umsóknarfrestur er til 18. ágúst.

Starf skólaliða: Um er að ræða 100% starf. Verksvið er einkum ræstingar og gæsla ásamt tilfallandi verkefnum. Vinnutími er frá kl. 07:45 til 17:00. Umsóknarfrestur er til 13. ágúst. Umsóknir skal senda til skólans.

Skólastjóri.

Vilja koma upp safni á Internetinu

Súðvíkingar hafa í hyggju að koma á fót mynda-, hljóð- og sögusafni á Internetinu. Ef af verður geta menn fundið þar myndir, ritað mál, kort og hljóðupptökur af ljóða- og þjóðsögulestri, auk annars áhugaverðs efnis sem tengist sögu Álfafjarðar. „Einfaldleikinn yrði hafður að leiðar- ljósi fyrir gesti við skoðun safnsins og gögnin ýtarlega flokkuð. Einnig gæfist kostur á að gera sögu Jóns Indíafara góð skil með ýmsum hætti en hann er fæddur hér og bjó hér um langan tíma“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík. – *halfdan@bb.is*

Góður afli þrátt fyrir erfiða sókn á Suðureyri

Illu gaf fyrir súgfirski sjómenn og aðra sem gerðu út frá Suðureyri í júlímánuði. Skakkarar þurftu að sækja fiskinn langt eða alla leið að Horni. „Þrátt fyrir þetta veiddist vel og við erum ánægðir með árangurinn miðað við gæftir“, segir Gísli Guðnason, hafnarvörður á Suðureyri. Alls var landað 460 tonnum á Suðureyri í mánuðinum, þar af tæpum 318 tonnum úr handfærabátum. Aflahæsti handfærabáturinn var Bjargey BA sem kom með 35,5 tonn úr nýu ferðum. Á línu var Hrefna ÍS með mestan afla eða um 27,5 tonn úr ellefu ferðum. – *halfdan@bb.is*

Arsenalmenn fylkja liði á Ísafirði á sunnudag

Í Arsenalklúbbnum á Íslandi eru um 200 félagsmenn á Vestfjörðum og hyggjast þeir fjölmenna í Sjallann á Ísafirði á sunnudag til að fylgjast með viðureign sinna manna og erkifjendanna í Manchester United. Fulltrúar Arsenalklúbbsins syðra ætla að koma vestur og hafa menn jafnvel í hyggju að standa fyrir skrudgöngu og fleiri uppákomum. Kjartan Björnsson á Selfossi er fyrrum formaður Arsenalklúbbsins en hann ætlar að fylkja liði vestur. „Ég er búinn að heimsækja alla landshluta á mínum 20 ára ferli nema hvað ég átti Vestfirði eftir.



Einbýlishús til sölu

Til sölu er einbýlishúsið að Sundstræti 37 á Ísafirði sem er 102m². Tilboð óskast. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Upplýsingar í sínum 456 4364, 895 3595, 456 3253 og hjá Lögfræðistofu Björns Jóhannessonar í síma 456 4577.

Hlíðavegspúkar!

Nú er komið að hressilegustu skemmtun ársins, hinu árlega grillpartý sem haldið verður nk. laugardag, 9. ágúst og hefst kl. 17:00. Grillveislan verður haldin á lóð gamla dagheimilisins fyrir ofan Hlíðarvegs blokkina.

Hver og einn kemur með sinn mat og drykk en grillin verða til staðar. Allir gamlir og nýir Hlíðarvegspúkar og nágrannar eru hjartanlega velkomnir.

Söngur, sögur, gleði og grín.

KAMPALAMPA- OG SALTFISKVEISLA
BYGGDASAFNS VESTFJARÐA
TJÖRUHÚSINU
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 9. ÁGÚST KL. 20⁰⁰
SKG veitingar matreiða sína eftirlætið salfisk- og rækjurétti.
VILLI VALLI, MAGNÚS REYNIR OG GUNNAR HÖLM
HALLDÓR HERMANNSON SEGIR KAMPALAMPASÖGUR
PANTANIR Í SÍMUM: 456 4419 OG 456 3360
VEITINGAR Í TJÖRUHÚSINU ALLA DAGA KL. 11 - 17
Ljúffengar súpur í hádeginu, kaffi og þjóðlegt meðlæti.
Opíð alla daga 20. júní til 20. ágúst kl. 11 - 17.

Vestfirska forlagið á Hrafnseyri

Hemmi Gunn ráðinn kynningar- og markaðsstjóri VF

Vestfirska forlagið á Hrafnseyri hefur ráðið Hermann Gunnarsson sem kynningar- og markaðsstjóra. Mun hann hafa umsjón með öllu kynningarstarfi forlagsins, auk þess sem hann mun sjá um nýstofnaðan bókaklúbb sem ber nafnið Bókaklúbbur Hemma Gunn og Vestfirsku forlagsins. Hemma Gunn þarf ekki að kynna fyrir landsmönnum.

Hann hefur starfað mikið við sjónvarp og útvarp og er skemmst að minnast sjónvarpsþáttanna Á tali hjá Hemma Gunn, sem slógu öll áhorfsmet. Auk þess var hann landsþekktur íþróttamaður á árum áður. Þá hefur hann skrifið að þrjár bækur sjálfur og er þekktur sem skemmtikraftur. Hemmi, sem er af vestfirskum ættum, hefur dvalist erlendis

um skeið, en er nú aftur kominn heim í heiðardalinn. Sem kunnugt er sérhæfir Vestfirska forlagið sig í útgáfu á vestfirsku efni undir samheitinu Bækurnar að vestan, þar sem fjallað er um Vestfirði og Vestfirðinga í blíðu og stríðu. Á haustmánuðum munu meðal annars koma út hjá forlaginu bækur eins og Frá Bjargtöngum að Djúpi, 6.

bindi, 101 ný vestfirsk þjóðsaga, 6. bók og Mannlíf og saga fyrir vestan, 13. hefti. Eru þessir bókaflokkar orðnir fastir punktar í bókaskápum Vestfirðinga og margra annarra landsmanna. Þá eru væntanlegar frá Vestfirsku forlaginu æviminningar séra Baldurs Vilhelmssonar í Vatnsfirði, sem Hlynur Þór Magnússon, ritstjóri á Ísafirði, færir í letur.

Jörðin Hlíð í Álftafirði

Nytjaskógrækt hefst með tólf þúsund plöntum

Nýlega var lokið við gróðursetningu á tólf þúsund trjáplöntum á jörðinni Hlíð í Álftafirði. Gerður hefur verið samningur við Skjólsskóga á Vestfjörðum um hönnun og útfærslu á nytjaskógrækt. Jón Ragnarsson, landeigandi, segir gróðursetninguna hafa gengið vel en hún tók um viku tíma.

„Þetta áttu að vera 14.800 plöntur en urðu ekki nema tæplega 12 þúsund. Það vantar 3.000 aspir sem komu ekki“, segir Jón. Hlíð er fyrsta jörðin í Álftafirði sem tekur undir nytjaskógrækt á vegum Skjólsskóga. „Þetta er búið að vera í deigluinni í tvö ár en síðasta vetur var lokið við skipulag á jörðinni. Nú er 12 ára verkefni framundan við gróðursetningu.



Hlíð í Álftafirði. Mynd: Ómar Már Jónsson.

ingu. Ég reikna með að við setjum niður á tímabilinu um 200 þúsund plöntur í 130 hekt-

ara lands“, segir Jón. Gert er ráð fyrir að hefja grisjun eftir 5 til 10 ár. „Eftir

25 til 30 ár ætti að vera hægt að hefja nýtingu fyrir alvöru“, sagði Jón. — kristinn@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Landsmót með glæsibrag

Verslunarmannahelgin er að baki og sennilega hafa verslunarmenn notið hennar síst. Nú er frídagur þeirra sem stunda atvinnu tengda verslun orðinn að eins konar þjóðhátíðardegi og allir halda út á þjóðvegina sér til upplýftingar og skemmtunar. Því fylgja mikil innkaup og þjónusta sem verslunarfólkið, er fríð skal fá, annast og því hefur þessi helgi snúist upp í andhverfu sína. Í stað orlofs og afslöppunar bíður þeirrar stéttar mikil vinna meðan allar aðrar stéttir þjóðfélagsins einbeita sér að skemmtun og hafa frí frá störfum. Þessa helgi eru haldnar margar og miklar samkomur. Meira áfengi selst fyrir verslunarmannahelgi en nokkrar aðrar helgar og metsala er í matvöru. Margir ætla sér stórkostlega skemmtun og oft af lítilli fyrirhyggju. Börn flykkjast á útihátíðir án gæslu og eftirlits. Það hljómar ankannalega að heyra af mikilli ölvun á bindindishátíðinni í Galtalek. Engin tíðindi þykja lengur af fyllerífsréttum af þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Ein með öllu á Akureyri er hátíð þar sem eitt af öllu er mikil ölvun unglunga og vandræði sem henni fylgja. Óþarfi er að dæma alla eftir svörtu sauðunum, sem því miður hljóta oft snöggtum meiri athygli en þeir fjölmörgu sem sýna af sér hegðun til fyrirmyndar.

Aðrar bæjarhátíðir tókust vel. Má nefna Neistaflug, þrátt fyrir ölvun á sunnudagskvöldi, og Sildarhátíðina á Siglufirði, að ógleymdu Unglingalandsmóti UMFÍ á Ísafirði, sem tókst framar öllum vonum. Ungmennafélagsandinn ríkti þar. Keppendur voru um 1.200 unglingar, sem voru til fyrirmyndar, og gestir á Ísafirði þessa helgi voru á bilinu 7 til 8 þúsund. Ölvun annarra en

heimamanna var ekki til sérstakra vandræða og umferð gekk með miklum ágætum. Hátíðin sker sig frá öðrum fyrir þá ánægjulegu staðreind, að foreldrar fylgja börnum sínum og það er eftirsóknarvert fordæmi. Fyrir rúmu ári benti fyrrverandi sýslumaður Ísfirðinga á það í útvarpsviðtali fyrir verslunarmannahelgi, að enginn innan 18 ára aldurs ætti í raun að vera á útihátíð nema í fylgd foreldra eða foreldris. „Hvers vegna?“ spurði útvarpsmaðurinn og fékk það svar, að unglingar væru ekki sjálfráða fyrr en þeim aldri væri náð og væru því á ábyrgð foreldra sinna fram til þess. Auk þess hlýti foreldrum sem þætti vænt um börn sín, að þykja sjálfsagt að gæta velferðar þeirra. Jakob Magnússon tónlistarmaður víðræði svipaða hugsun í útvarpsviðtali nú fyrir helgina. Foreldrum hlýti að þykja svo vænt um börn sín að vilja fylgja þeim á útihátíðir, hefðu afkvæmin löngun til þess. Í þessum anda var landsmótið haldið og það var öllum til sóma, UMFÍ og Ísfirðingum. Þetta er hægt, og svona á að gera hlutina. Hvort útihátíðir, svallsamkomur án eftirlits, eru að renna sitt skeið, skal ósagt látið.

Umferðin gekk vel fyrir sig, að frátöldu slysinu hörmulega á Geldingadraga. Brýnt er að ökumaður gráu jeppabifreiðarinnar gefi sig fram. Polinmæði og kurteisí duga vel í umferðinni. Mætti hvort tveggja endast út árið. Tvennt stendur upp úr, fangadýrkun Vetmannaeyinga og velheppnað landsmót á Ísafirði og er mikill sómi að því síðarnefnda.

SPURNINGIN

Spurt var:

Hefur þú þurft að greiða sekt vegna umferðarlagabrots?

Alls svöruðu 272.
Já sögðu 149 eða 55%
Nei sögðu 123 eða 45%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



